

222

27. okt.

9. gr.
Kvenfélag Grýtubakkahrepps annast sjóðinn og hefur stjórn þess með höndum styrkveitingar úr honum eftir áður greindum fyrirmælum. Áður en styrkveiting fer fram, skal sjóðstjórnin gefa oddvita, héraðslækni og sóknarpresti Grýtubakkahrepps kost á að láta í ljósi álit sitt á umsóknunum.

10. gr.

Hætti kvenfélagið störfum tekur hreppsnefnd Grýtubakkahrepps við sjóðnum og annast hann á sama hátt og kvenfélagið gerði. Verði núverandi Grýtubakkahreppi skipt í tvo hreppa með sjálfstæðum sveitarstjórnnum, fylgi sjóðurinn ætíð þeim hreppi, sem Grund er í, og því kvenfélagi, sem þar starfar, en réttur til styrks úr sjóðnum fylgi þó ætíð því svæði, sem hreppurinn nær nú yfir.

11. gr.

Fé sjóðsins skal komið fyrir á sama hátt og lög mæla fyrir um fé ólögráðra. Formaður kvenfélagsins geymir bækur og skjöl tilheyrandi sjóðnum á sem tryggilegastan hátt, eins og aðrar mikilsvarðandi bækur og skjöl félagsins. Stjórn sjóðsins er ólaunuð, en bækur, ritföng, símtöl, símskeyti og annan slíkan kostnað, sem sjóðinn varðar, má greiða af vöxtum hans.

12. gr.

Sjóðstjórnin hefur reikningsábyrgð gagnvart sveitarstjórn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið, og skal endurskoðaður reikningur sendast til sveitarstjórnar fyrir 1. apríl ár hvert. Reikningurinn telst fullgildur þá er hann er samþykktur af sveitarstjórn. Stofnendum sjóðsins skal senda reikninginn árlega, meðan þeirra nýtur við.

Akureyri, 23. september 1950.

Baldur Helgason. Hallfríður Helgadóttir.

Kaupmannahöfn, 2. október 1950.

Jón Helgason.

223

27. okt.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðmundar Magnússonar vélvirkja“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 27. október 1950.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðmundar Magnússonar vélvirkja.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Guðmund Magnússon vélvirkja, sem var fæddur 15. des. 1922 í Ólafsvík, sonur hjónanna séra Magnúsar Guðmundssonar sóknarprests í Ólafsvík og konu hans Rósu Thorlacius Einarsdóttur, og sem andaðist í Reykjavík 17. apríl 1945.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með minningargjöf að upphæð kr. 4650.00, sem íbúar Ólafsvíkurkaupþúns færðu foreldrum hans við fráfall hans, til frekari ráðstöfunar. Sjóðurinn var við árslok 1949 kr. 5965.75.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal hann ávaxtast þangað til hann er orðinn 20000 — tuttugu þúsund — krónur.

223

27. okt.

4. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð nefndri upphæð má árlega verja helming vaxtanna til þess að styrkja iðnaðarmenn, búsetta í Ólafsvík, til þess að afla sér frekari menntunar í iðn sinni, en unnt er að afla sér á Íslandi. Þó má aldrei veita neinum styrk nema hann sé alger bindindismaður á áfengi.

5. gr.

Aldrei má veita neinum styrkþega minni upphæð en kr. 300.00.

6. gr.

Ef eitthvert ár eða árabíl er ekki úthlutað styrk úr sjóðnum, þá má næst þegar styrk er úthlutað, úthluta fé því, sem úthluta mátti á þessu tímabili. Það er, að úthluta má þá helmingnum af vaxtatekjum sjóðsins frá því síðasta úthlutun fór fram. Stjórn sjóðsins skal sjá um, að styrkir úr sjóðnum komi að sem bestum notum fyrir styrkþega.

7. gr.

Þegar iðnaðarmannafélag verður stofnað í Ólafsvík, ber því að sjá um að efla sjóðinn með öðrum tekjulindum, en aðeins vöxtum af höfuðstólnum, t. d. með öðrum dánar- eða minningargjöfum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum. Skal sóknarpresturinn í Nesþinga- prestakalli vera formaður sjóðstjórnarinnar. Hinir tveir skulu árlega kosnir á aðalfundi í Iðnaðarmannafélagi Ólafsvíkur.

9. gr.

Höfuðstóll sjóðsins skal fyrst um sinn ávaxtaður í sparisjóði Ólafsvíkur, þó má stjórn sjóðsins, ef þörf þykir, gera aðra ráðstöfun um vöxtun hans, sem þó má ekki vera ótryggilegri.

10. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal leita staðfestingar Stjórnarráðs Íslands.

Ólafsvík, 31. maí 1950.

Rósa Th. Einarsdóttir.

Magnús Guðmundsson.

REGLUGERÐ

224

26. okt.

um síldveiðideild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka einungis til þeirra skipa bátaflotans, sem stunda síldveiðar með herpinót eða hringnót á sumarvertíð.

2. gr.

Vertíð sumarsíldveiða skal talin frá 20. júní til 15. september. Þó skal ekki skerða bótarétt þeirra skipa, sem hafa eigi styttri úthaldstíma, en nemur meðalút- haldstíma skipa í sama flokki á vertíðinni.